



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Umsögn við tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um boðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Á fundi borgarráðs þann 24. nóvember 2022 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu komi á fund borgarráðs í næstu viku til að ræða fjölgun ofbeldisglæpa í Reykjavík að undanförmu. Ræða þarf leiðir til að stemma stigu við þessari öfugþróun, t.d. með því að efla löggæslu og auka samstarf milli lögreglunnar og Reykjavíkurborgar í löggæslumálum.

Ekki hefur gefist ráðrúm til að bjóða lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu á fund borgarráðs. Nú er hins vegar áætlað að lögreglustjórinn mæti á fund ráðsins fimmtudaginn 8. desember til að fara yfir þróun ofbeldisbrota í Reykjavík. Mælst er til þess að tillagan sé samþykkt.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar